



Miðstöð foreldra og barna



Námskeið - Einstakt tækifæri:

Að lesa í merki barnsins

Newborn Behavioral Observations (NBO)

Í fyrsta sinn á Íslandi verður boðið upp á námskeið frá Brazelton Institute í Boston.

Kennd verður aðferð til að hjálpa foreldrum að lesa í merki barns frá 0-3ja mán. Leiðbeinendur verða Dr. Lise C Johnson og Dr. Joanna Hawthorne.

Námskeiðið verður haldið 4. og 5. apríl nk. frá kl. 9-16 báða dagana. Það er ætlað öllum þeim sem starfa með foreldrum og ungbörnum yngri en þriggja mánaða; ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, læknum, sálfræðingum, iðjupjálfum, félagsráðgjöfum, barnaverndarstarfsmönnum og öðrum meðferðaraðilum.

Markmiðið er að þjálfa fagfólk í að lesa í atferli og merkjamál nýfæddra barna og efla sömu hæfni hjá nýorðnum foreldrum. Með því eru foreldrar styrktir í að bregðast við þörfum barna sinna á næman og þroskavænlegan hátt.

Rannsóknir sýna að þessi samskiptaleið sem er framkvæmd með foreldrum sé til þess fallin að draga úr þunglyndi eftir fæðingu og stuðla að jákvæðum samskiptum foreldra og ungbarns.

Eftir námskeiðið eru þátttakendur hvattir til að reyna þessa leið hjá fimm fjölskyldum í eigin starfsumhverfi. Handleiðsla og stuðningur er veittur á meðan á þeirri vinnu stendur.

Námskeiðið er haldið á vegum Miðstöðvar foreldra og barna með styrk frá Velferðasjóði barna. Staðsetning námskeiðs verður kynnt síðar. Hámarksfjöldi er 30 manns.

Námskeiðsgjald er kr. 45.000 kr. Staðfestingargjald er kr. 15.000 og þarf að leggja inn á bankareikning: 114-05-62299, kt: 451103-2020 fyrir 1.mars n.k. (styrkhæft námskeið hjá stéttarfélagum)

Þátttakendur þurfa að koma með dúkku með sér á námskeiðið þar sem fram fer þjálfun í efnispáttum matsins. Fyrir námskeiðið þurfa þátttakendur að lesa bókina: *Understanding Newborn Behavior & Early Relationships (2007) The Newborn Behavioral Observations (NBO) System Handbook* Authors: J. Kevin Nugent, Constance H. Keefer, Susan Minear, Lise C. Johnson. Bókin er innifalin í námskeiðsgögnum og fæst afhent eftir í byrjun mars.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu Brazelton Centre: <http://www.brazelton-institute.com/clnbas.html> eða hjá Stefaníu B. Arnardóttur hjá stefania@fyrstutengsl.is eða í síma 6617333